

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Kotlavík - Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

37. fundur skólanefndar F.S. haldinn 3. maí 1979 kl. 20.30 í 29. kennslustofu skólans.

Fundinn sóttu Gunnar Sveinsson, Jón Böðvarsson, Jón Hólmgeirsson, Ómar Bjarnþórsson, Bergmann Þorleifsson, Hreinn Ásgrímsson, Ingvar Jóhannsson, Ingólfur Halldórsson, Sturlaugur Ólafsson, f.h. kennarafélagssins og Einar Þórðarson fundarritari.

1. Reglugerð skólans.

Rædd voru drög að reglugerð fyrir F.S. sem að mestu eru sniðin eftir Reglugerð um Flensborgarskólann í Hafnarfirði, fjölbrautaskóla. Gerðar voru nokkrar breytingar á þeim en drögin síðan samþykkt.

2. Lagðar voru fram tölur um raunverulegan rekstrarkostnað 1978 og áætlanir fyrir 1979 (endurskoðuð) og 1980. Kom í ljós að upphafleg áætlun fyrir 1979 reynist um 30 milljónum kr. of lág.

Samþykkt var að skrifa sveitarfélögum og fara fram á aukafjárveitingu. Jafnframt skuli fylgja ný áætlun fyrir 1979 með rökstuðningi um breytingu.

Einnig samþykkt að ræða málið nánar við ráðuneytið.

Áætlun fyrir 1980 var rædd ítarlega og samþykkt þannig:

ÖNNUR REKSTRARGJÖLD - tillaga skólanefndar F.S.

	kost. 1978	áætl. 1979	áætl. 1980
1. Ritföng, bækur, pappír	2.945	6.417	8.700
2. Vinnul. skrifstofu	6.190	8.249	7.500
3. Skólabókasafn	0	1.400	3.000
4. Matvæli, vinnuf.ofl.	176	412	500
5. Ljós, hiti, =	3.675	5.315	7.400
6. Skólasetn, skólaslit	60	238	240
7. Ræsting í G.K.	3.727	4.800	4.000
8. Ræstingarefni	325	500	700
9. Húsvörður, ræsting-laun	7.700	12.000	18.444 4.800
10. Gluggapv. hreingerning	0	1.200	1.600 13.444
11. Póstur - sími	762	2.314	2.400
12. Auglýsingar	320	600	800
13. Ferðakost, bílastyrk	1.613	1.662	1.800

14. Skólaakstur	7.806	9.350	13.320
15. Heilsugæsla	165	442	500
16. Húsaleiga	4.170	8.049	12.000
17. Tækjaleiga	1.372		2.200
18. Tryggingar	122	702	1.100
19. Viðhald kennslutækja	888	1.500	2.400
20. Viðhald húsbúnaðar	0	300	2.600
21. Viðhald húsa og lóða	100	1.000	3.000
22. Sundkennsla	0	200	500
23. Húsál. leikfimi	0	2.500	6.000
24. Skólanefnd	450	721	1.100
25. Vaxtakostnaður	2.310	6.000	3.600
26. Ýmislegt	102	260	400
27. Efniskaup	2.163	3.220	4.100
28. Launatengd gjöld	1.757	2.700	3.600
29. Reiknisleg aðstoð	587	770	2.000
30. Önnur laun	3.424	4.000	4.000
31. Námskeið og fundir			1.600
32. Náttúrufræðaferðir			1.000
33. Prentun, fjölritun, bókband			3.200
	<u>52.909</u>	<u>86.821</u>	<u>125.304</u>

3. Húsnæðismál.

Þar sem G.K. hefur sagt skólanum upp húsnæðinu sem F.S. hefur þar var samþykkt að leita eftir leiguhúsnæði í húsi aðventista við Blikabraut fyrir næsta haust.

Rætt var um nauðsynlega breytingu á 1. hæð og samþykkt að óska eftir kostnaðaráætlun frá arkitektum (en uppdráttur um breytingatillögur liggja fyrir) og sækja um fjárveitingu til ríkisins á fjárlögum 1980.

Einnig var samþykkt að sækja um fjárveitingu fyrir kaup á húsnæði fyrir verknámskennslu.

4. Kennarastöður

Samþykkt að fara þess á leit við menntamálaráðuneytið að þakka auglýsi nokkrar kennarastöður. Ákveðið að taka málið fyrir á næsta fundi og mæla með ráðningu þeirra kennara sem ætla má að skólinn þurfi næsta skólaár.

5. Skólaslit.

Samþykkt var að skólaslit verði 26. maí í FESTI kl. 2.00 e.h. - Dagskrá verði í aðalatriðum:

1. Ræða S.S.S formanns
2. Lúðrasveit Grindavíkur spili
3. Ræða skólameistara

Samþykkt var að fara þess á leit við kennarafélagið að það velji stjórnanda skólaslitaathafnarinnar.

Akstur verði skipulagður.

6. Önnur mál

I. Sjúkraliða og hjúkrunarbraut.

Skólameistari gerði grein fyrir þeim deilum er orðið hafa milli hjúkrunarfræðifélagsins og fjölbrautaskóla varðandi sjúkraliðanám. Samþykkt að kanna þetta mál nánar vegna nemenda skólans og gæta hagsmuna þeirra.

II. Rätt um öldingadeild og rekstur hennar. Samþykkt vegna nýrra reglna um rekstur hennar að áætla aukakostnað vegna hennar kr. 1 milljón 1979.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Einar Þórðarson, fundarritari.